

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 3. desember 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-35/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 10. apríl sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 14. apríl sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og búrast þau hinn 24. apríl. Með bréfi, dags. 15. maí, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 29. maí. Engin frekari gögn búrast nefndinni. Með bréfi, dags. 1. desember, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 1. apríl 2014 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 215.000. Var bifreiðin af gerðinni VW Passat. Segist álitsbeiðandi hafa skoðað bifreiðina og reynsluekið henni og við skoðunina hafi seljandi haldið því fram að bifreiðin væri í 100% lagi. Daginn eftir að gengið var frá kaupunum segist álitsbeiðandi hafa tekið eftir því að vél bifreiðarinnar væri gölluð og telur álitsbeiðandi um leyndan galla að ræða. Lýsir gallinn sér með þeim hætti að við ákveðið hitastig drepur vél bifreiðarinnar á sér og gufa stígur upp úr vélarhúsinu. Tveim dögum eftir kaupin hættu bremsur bifreiðarinnar einnig að virka. Segist álitsbeiðandi í kjölfar þessa hafa sett sig í samband við seljanda í því augnamiði að skila bifreiðinni, en því hafnaði seljandi. Bendir álitsbeiðandi á að bifreiðin hafði nýlega farið í gegnum, og fengið, skoðun. Þetta sé afar einkennilegt í ljósi þess hvernig ástandi bifreiðin sé í, en utan þess sem rakið hafi verið, sé framrúða bifreiðarinnar brotin. Álitsbeiðandi fór með bifreiðina á verkstæði til að fá upplýsingar um áætlaðan viðgerðarkostnað. Mun hann nema um kr. 180.000. Þá segir álitsbeiðandi að starfsmaður verkstæðisins hafi talið bifreiðina hættulega ökumanni hennar. Eins heldur álitsbeiðandi því fram að seljandi sé bifvélavirki, hann hafi keypti bifreiðina á kr. 30.000 en síðan selt hana á kr. 215.000, þrátt fyrir að hún væri ónýtt.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af tilkynningu um eigendaskipti, afrit af kostnaðaráætlun frá verkstæði og ljósmyndir af bifreiðinni.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að seljandi telur að bifreiðin hafi verið í 100% lagi þegar hún var seld hinn 1. apríl sl., utan að framrúða hennar var brotin en af því hafi álitsbeiðandi vitað. Bifreiðin hafi síðan farið í gegnum aðalskoðun 5. mars. sl. Segir seljandi að nokkrum dögum eftir kaupin hafi álitsbeiðandi haft samband og krafist endurgreiðslu þar eð bifreiðin væri biluð. Álitsbeiðandi hafi talað um að bifreiðin hitaði sig óeðlilega, bremsur væru ekki lægi, sem og dælur, klemmur o.fl. Segir seljandi að hann hafi lýst sig tilbúinn til að

skoða málið og jafnvel lagfæra það sem væri að, en það hafi álitseiddandi ekki viljað heldur staðið fastur á að rifta kaupunum. Í kjölfar þessa hafi álitseiddandi síðan hringt í sig í tíma og ótíma og borið út allskyns óhróður um sig. Þegar látunum linnti ekki kveðst seljandi hafa rætt við lögreglu vegna ágangs álitseiddanda. Að lokum segist seljandi ekki getað borið ábyrgð á bilunum sem komu upp eftir kaupin og hafnar því kröfum álitseiddanda.

V

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitseiddanda og seljanda falli undir valdsvið neftdarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 42/2000 um lausafjárkaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kæruneftndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitseiddandi bifreiðina xx-000 af seljanda hinn 1. apríl 2014 fyrir kr. 215.000. Bifreiðin er af gerðinni VW Passat, árgerð 1998 og fyrsti skráningardagur hennar 10. nóvember 1998. Bifreiðin var því rúmlega 15 ára á kaupdegi og hafði verið ekið rúmlega 214.000 km. þegar hún fór í gegnum aðalskoðun hinn 5. mars 2014.

Ekki er fyrir að fara kaupsamningi milli aðila, aðeins tilkynningu um eigendaskipti, dags. 1. apríl 2014. Eins og málum er hér háttáð telur kæruneftndin óhætt að ganga út frá því að bifreiðin hafi verið seld í því ástandi sem hún var eða með álíka fyrirvara. Því falli kaupin undir 19.-20. gr laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup sem ná til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 19. og 20. gr. segir m.a.:

„19. gr. Hluttur seldur „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði.

Þótt söluhluttur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- hlutturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
- seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða
- ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

20. gr. Vond trú kaupanda, rannsókn fyrir kaup o.fl.

Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.“

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og hins vegar skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í c-lið 1. mgr. 19. gr. er kveðið á um það að söluhluttur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti. Í álitseiddni kemur fram að álitseiddandi telur að seljandi sé bifvélavirki eða þekki a.m.k. til viðgerða á bifreiðum. Þessi skilningur álitseiddanda fær stuðning í andsvörum seljanda, en þar segir seljandi að hann hafi boðið

álitsbeiðanda að lagfæra það sem var að bifreiðinni þegar í ljós komu gangtruflanir og bilun í bremsubúnaði. Telur kærunefndin því að ganga megi út frá því að seljandi hafi vitað, eða mátt vita, að vél bifreiðarinnar drap á sér við ákveðið hitastig, sem og að bremsur hennar væru lélegar eða ónýtar. Er bifreiðin því skv. þessu haldin galla í skilningi b-liðar 1. mgr. 19. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Þessi niðurstaða leiðir til þess að álitsbeiðandi getur rift kaupunum samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 39. gr. laga nr. 50/2000 enda verður að telja að hann hafi gert riftunarkröfu á hendur seljanda án ástæðulauss dráttar, sbr. ákvæði 2. mgr. 39. gr. laganna. Hins vegar mun álitsbeiðandi hafa selt hina umþrættu bifreið hinn 20 júní sl. Er því útilokað að til riftunar komi. Telur kærunefndin því að í stað riftunar eigi álitsbeiðandi rétt á afslætti skv. 38. gr. laganna. Er sá afsláttur metinn að álitum kr. 100.000.

VI

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 100.000.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir